

Afgreiðslufundur

Árið 2026, fimmtudaginn 19. mars kl. 09:00 var haldinn 1899. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Jón Ragnar Gunnarsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn Lyfjavals ehf., kt. 580713-1140, dags. 10. febrúar 2026, um starfsleyfi fyrir sölu á forpökkuðum matvælum í apóteki (Lyfjaval) að Álfheimum 74, F2229074, rými 01 0106. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Bragðheima ehf., kt. 611222-0330, dags. 6. mars 2026, um skráningu á starfsemi þar sem notað er kælikerfi sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða ósoneyðandi efni sem og þjónusta við þau kerfi (Saffran) að Fákafeni 11, F2023443, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir starfsemi þar sem notað er kælikerfi sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða ósoneyðandi efni sem og þjónusta við þau kerfi*.
- Lögð fram umsókn Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, kt. 660269-0619, dags. 5. febrúar 2026, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir tónlistarskóla (Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar) að Engjateigi 1, F2019483, rými 01 0101. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir skóla og kennslustaði*.
- Lögð fram umsókn Auðnast ehf., kt. 591114-0180, dags. 2. janúar 2026, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir læknastofu (Auðnast) að Grensásvegi 50, F2033691, rými 01 0201. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir heilbrigðisþjónustu og meðferðarstofnanir*.
- Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, menningar- og íþróttasviðs, kt. 530269-7609, dags. 27. janúar 2026, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir sundlaug (Vesturbæjarlaug) að Hofsvallagötu 54, F2026440, rými 03 0101. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum fyrir sund- og baðstaði*.
- Lögð fram umsókn Verslunarinnar Álfheima, kt. 711013-1480, dags. 9. mars 2026, um leyfi til tóbakssölu (Verslunin Álfheimar) að Álfheimum 2. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *Laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum*.

Fundi slitið kl. 09:19

Tómas Guðberg Gíslason

Jón Ragnar Gunnarsson

Guðjón Ingi Eggertsson